

**Fundargerð 66. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, 13. febrúar, 2020, kl. 16:06-18:09 í fundarherbergi Háskólans á Hólum, í Verinu Vísindagörðum.**

Þessir fulltrúar sátu fundinn, auk rektors: Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Laufey Skúladóttir og Stefán Óli Steingrímsson, sem var á Zoom. Sveinn Margeirsson, boðaði forföll og Gunnlaugur Bjarnason, fjarverandi.

Auglýst dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.
2. Fjárhagsgrunnur HH 2020.
3. Árangur sjálfsmats og Institute Wide Review (drög skýrslu úttekta nefndar).
4. Húsnæðismál háskólans.
5. Námskrá 2020-2021.
6. Önnur mál.

Rektor setti fund kl. 16:06 og dagskráin var samþykkt.

Fundarritari var Sigríður Sigurðardóttir.

1. Fundargerðir 63., 64., og 65. funda voru teknar fyrir og samþykktar með lítilsháttar breytingum.
2. Guðmundur Björn Eypórsson, fjármálastjóri, fór yfir útkomuspá ársins 2019 og fjárhagsgrunn Háskólans á Hólum árið 2020. Í máli hans kom m.a. fram að vegna orlofsskuldbindingar að upphæð 4,9 millj. kr., minnkar áætlaður rekstrarhagnaður ársins (sjá 4. lið 65. fundargerðar um áætlun ársins 2019). Einnig kynnti Guðmundur stöðu rekstrar ársins 2020. Eftirfylgni með rekstrarstöðu háskólans var rædd í framhaldi. Háskólaráð vill framvegis fá yfirlit yfir:
  - fjárhagsstöðu deilda skólans oftár á ári en gert hefur verið og helst mánaðarlega
  - yfirlit yfir nýtingu rannsóknarstyrkja oftár en einu sinni á ári.
3. Árangur sjálfsmats og Institute Wide Review (drög skýrslu úttekta nefndar). Rektor kynnti sýn úttekta nefndar á starf háskólans, sem fram koma í skýrsludrögum. Efni skýrslunnar er trúnaðarmál en skýrslan verður opinberuð í mars. Háskólaráð fagnaði hugmynd um ráðstefnu um starf háskólans þá skýrslan verður opinber.
4. Húsnæðismál. Mikil þörf er á viðgerðum á skólahúsnæðinu og brunavörnum í hestúsum. Rektor óskar eftir því að háskólaráð fundi með mennta- og menningarmálaráðherra um þörf skólans fyrir bráðum aðgerðum. EFLA verkfræðistofa mun veita ráðgjöf á næstu vikum um hvernig best sé staðið að aðbúnaði starfsmanna á meðan úrbóta á húsnæði er beðið, í ljósi þess að mygla hefur fundist víða í aðalbyggingu háskólans.
5. Námskrá 2020-2021 var kynnt og ráðsfulltrúar beðnir um að fara yfir hana. Rektor mun kalla eftir umsögnum háskólaráðsmanna í tölvupósti fyrir 29. febrúar n.k.
6. Önnur mál.

- a) Hestamannafélagið Skagfirðingur, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur ætla að sækja um að halda Landsmót hestamanna sumarið 2024 á Hólum í Hjaltadal. Háskólaráð samþykkir að Háskólinn á Hólum verði samstarfsaðili.
- b) Erindi vegna ensks heitis Háskólans á Hólum var rætt.
- c) Bleikjukynbótaverkefni háskólans var rætt.